

Ársskýrsla Félags íslenskra félagsvísindamanna fyrir árið 2018

Lögð fram á aðalfundi félagsins 20. febrúar 2019

Stjórn og kjörnir fulltrúar

Frá síðasta aðalfundi, 28. febrúar 2017, hefur starfað eftirfarandi stjórn:

Formaður: Hugrún R. Hjaltadóttir
Varaformaður: Kristmundur Ólafsson
Gjaldkeri: Ólafur Már Sigurðsson
Ritari: Gerður Gestsdóttir
Meðstjórnandi: Ása Sigríður Þórisdóttir

Varamenn: Þóra Kristín Þórsdóttir
Bára Jóhannesdóttir Guðrúnardóttir

Auk stjórnar voru kjörnir á síðasta aðalfundi *skoðunarmenn reikninga:*

Benóný Harðarson og Karl Sigurðsson


Stjórnin fundaði 9 sinnum á starfsárinu auk þess að eiga mikil samskipti á milli funda ef þörf var á um lausn mikilvægra mála. Stjórnarmenn tóku auk þess virkan þátt í fjölmörgum fundum í virkri og stöðugri hagsmunagæslu fyrir sína félagsmenn. Þar má meðal annars nefna fundi formannaráðs BHM, opna fundi nefnda og sjóða BHM, samráðsfundi vegna kjarasamninga og stjórnarfundi þjónustuskrifstofu félagsins. Félagið átti auk þess fjóra fulltrúa á aðalfundi BHM 2018.

Fulltrúar FÍF í nefndum og ráðum BHM


Félaginu finnst skipta máli að félagsmenn og starfsfólk þess séu virkir þátttakendur í starfsemi BHM. Fulltrúar á vegum félagsins gefi því kost á sér í sameiginleg verkefni. Félagið á nú fulltrúa í uppstillingarnefnd, orlofssjóði, starfsmenntasjóði og jafnréttisnefnd auk varamanns í styrktarsjóði. Framkvæmdastjóri Þjónustuskrifstofu FHS situr í kjara- og réttindanefnd.

Félagsmenn

Fjöldi félagsmanna hefur aukist milli ára en fjölgunin hefur verið um 10 til 20 manns síðastliðin ár. Tölurnar í þessari töflu miða við fjölda félagsmanna undir lok árs. Þó þessi fjölgun sé ekki mikil er hún jöfn og stöðug og verður vonandi svipuð áfram.



Flestir félagsmenn starfa hjá ríkinu eða 110 (41%). Á almenna vinnumarkaðnum starfa 104 (39%), hjá sveitarfélögum starfa 24 (9%), 13 félagsmenn (5%) starfa hjá sjálfseignarstofnunum og 6 þeirra (2%) eru sjálfstætt starfandi. Þetta er svipuð samsetning og síðustu ár en helsta breytingin er sú að inn í félagið eru að koma sjálfstætt starfandi einstaklingar sem er nýr og áhugaverður hópur.



Þjónustuskrifstofan

Félagið er aðili að rekstri Þjónustuskrifstofu FHS ásamt Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Fræðagarði, Stéttarfélagi lögfræðinga og Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga. Eftirfarandi fimm aðilar starfa á þjónustuskrifstofunni.

Anna S. Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri
 Guðrún A. Sigurðardóttir, verkefnastjóri
 Halldór K. Valdimarsson, framkvæmdastjóri
 Hjalti Einarsson, vinnusálfræðingur
 Júlíana Guðmundsdóttir, lögfræðingur

Samstarf þeirra fimm félaga sem samstarf eiga um þjónustuskrifstofuna hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Í mörgum málum hafa þau mótað sér sameiginlega stefnu og talað einum rómi hvert um sig innan BHM og gagnvart gagnaðilum utan þess. Samstarfið hefur verið árangursríkt og á meðal helstu verkefna er eftirfylgni við bókanir í kjarasamningum félaganna við ríkið, vinna við gerð stofnanasamninga og innleiðing starfsmats hjá sveitarfélögunum. FÍF stefnir að því að eiga áfram gott samstarf við hin félögin, að því marki sem markmið og kröfugerðir félaganna fara saman.

Stéttarfélögin fimm hafa undanfarin ár heimsótt ýmsar stjórnsýslustofnanir, fræðimenn og félög háskólamenntaðra í Skandinavíu og Evrópu með það að markmiði að auka þekkingu innan félagsins á starfsumhverfi háskólamenntaðra, kjarasamningum og vinnumarkaðskerfum þeirra. Í ár var hringnum lokað og síðasta skandinavíulandið, Noregur, heimsótt en þeirra kjarasamninga og vinnumarkaðsumhverfi líkist okkar hvað mest. Auk þess var farið til Lúxemborgar þar sem finna má margar af helstu stjórnsýsluskrifstofum Evrópu sem hafa með vinnumarkaðsmál að gera. Tveir til þrjú fulltrúar úr hverri stjórn hafa farið í þessar ferðir, allir starfsmenn skrifstofunnar auk hagfræðings og framkvæmdastjóra BHM.

Í ferðina fóru frá FÍF: Hugu R. Hjaltadóttir, Gerður Gestsdóttir og Ólafur Már Sigurðsson. Ávinningur þessara ferða er mikill. Á grundvelli þeirrar þekkingar sem aflað hefur verið hafa félögin fimm skapað sér sess sem ábyrgum málsmetandi talsmönnum heilbrigðrar og sjálfbærrar kjara- og réttindastefnu. Ferðirnar hafa ýtt undir viðamikila þróunar og hugmyndavinnu og stuðlað að góðum samskiptum um fyrirhugaðar breytingar á íslenska samninga- og vinnumarkaðslíkaninu. Þá hefur sú þekking sem aflað var í ferðinni nýst vel í undangengnum kjarasamningaviðræðum og undirbúningi komandi samninga við ríkið og sveitarfélög. Þá er sú þekking sem sótt er til frændþjóða okkar ekki síst mikilvæg vegna þeirra miklu breytinga sem í vændum eru á íslensku vinnumarkaðslíkani. FHS félögin álíta það mikilvægt að gera sig gildandi í umræðu um það, vera virkir þátttakendur í því ferli og standa þannig að öflugri hagsmunagæslu fyrir sína félagsmenn. Í því skyni er talið mikilvægt að halda fræðsluferðum félaganna áfram á komandi árum.

Kjaramál

Á þessu ári eru fjölmargir kjarasamningar lausir þar með taldir samningar FÍF. Vegna þessa efndi Ríkissáttasemjari til námstefnu í samningagerð fyrir allt samninganefndafólk á Íslandi. Á námstefnunni var tekið á fjölmörgum atriðum sem skipta máli fyrir undirbúning kjarasamningagerðar, bæði í formi fræðslu og æfinga. Félagið sendi tvo fulltrúa á námsstefnuna sem haldin var í október en það voru þær Hugu R. Hjaltadóttir og Gerður Gestsdóttir.

Ríki

Þann 2. febrúar 2018 náðust samningar um framlengingu kjarasamnings við ríkið. Í undangengnum samningaviðræðum hafði félagið verið í samfloti með Fræðagarði, Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Stéttarfélagi lögfræðinga. Samvinna og sameiginlegar áherslur félaganna leiddu til þess að unnar voru ýmsar sérþókanir fyrir félögin til viðbótar við önnur ákvæði og bókanir í samningum við ríkið. Í samningnum er lögð sérstök áhersla á styrkingu stofnanasamningskerfisins, lausn á vanda lágláunastofnana og að unnið verði áfram að þróun nýs íslensks vinnumarkaðslíkans.

Gildistími samningsins er til 31. mars 2019. Undirbúningur að samningaviðræðum er þegar hafinn og hefur stjórn félagsins unnið að mótun kröfugerðar og fylgst með framkvæmd og stöðu sérstakra bókana með kjarasamningum. Núna í febrúar var svo gerð könnun á afstöðu

félagsmanna til ýmissa starfsumhverfis-, kjara- og réttindatengdra þátta og er ætlunin að nýta hana í kjarasamningavinnunni. Félagið hefur þegar undirritað viðræðuáætlun við samninganefnd ríkisins og verður fyrsti samningafundur félagsins fljótlega eftir aðalfund.

Kjarasamningar við ríkið eru tvískiptir. Annars vegar eru gerðir miðlægir kjarasamningar sem fjallað er um hér að ofan en þeir kveða almennt á um réttindi og skyldur, miðlægir hækkanir launa og fleira. Hins vegar stofnanasamningar. Stofnanasamningur er samningur milli fulltrúa stéttarfélags og fulltrúa stofnunar. FÍF er í dag með 35 gildandi stofnanasamninga við stofnanir ríkisins og á síðasta starfsári voru um það bil fjórir þeirra endurskoðaðir og þegar þetta er skrifað eru tveir í endurskoðun.

Sveitarfélög

Núgildandi kjarasamningur félagsins við Samband íslenskra sveitarfélaga tók gildi í september 2015 og gildir til 31. mars 2019. 1. júní 2018 áttu félagsmenn FÍF að taka laun samkvæmt starfsmatskerfi sveitarfélaganna. Það gekk hins vegar ekki eftir. Vinnan við starfsmatið er flókið ferli sem hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir. Á fundi samráðsnefndar fulltrúa BHM og Sambands íslenskra sveitarfélaga mánudaginn 14. maí 2018 var samþykkt að seinka innleiðingu starfsmatsins til 31. desember 2018. Með þessari aðgerð sköpuðu samstarfsaðilar aukið rými til að ljúka framkvæmd starfsmatsins. Jafnframt var ákveðið að laun samkvæmt launatöflu myndu hækka um 3,4% frá 1. júní 2018. Þá var ákveðið að þær tafir sem yrðu á starfsmatsferlinu myndu ekki hafa áhrif á samningsbundna dagsetningu gildistöku starfsmatsins sem mun áfram vera 1. júní 2018. Áhersla var lögð á að ljúka innleiðingunni sem fyrst og lauk henni formlega nýverið þó enn sé unnið að yfirfærslu launamanna á milli launasetningakerfa.

Því miður verður að segjast að niðurstaða starfsmatsferlisins er tvíbent þar sem ljóst er að um 40% starfa FÍF kunni að lækka við innleiðingu starfsmats. Taka þarf fram að lækkun starfa í starfsmati leiðir ekki til lækkunar launa hjá þeim sem nú þegar gegna viðkomandi störfum. FÍF hefur frá upphafi starfsmatsferlis bent á fjölmarga þætti sem betur mættu fara við mat á störfum, starfsmatsstækið sjálft, stjórnsýslu og framkvæmd þess. Því miður hefur hins vegar reynst erfitt að fá fram viðbrögð og breytingar á þeim þáttum sem þarfnast úrbóta við og koma í veg fyrir að mörg störf okkar félagsmanna njóti sannmælis. Verkefni félagsins í komandi kjarasamningaviðræðum verður því að koma á nauðsynlegum breytingum á umgjörð starfsmats og laga það betur að þörfum ósértækra háskólamentaðra sérfæðinga. Félagið stefnir á að klára ítarlega skýrslu um starfsmatsferlið og stöðu mála nú í febrúar. Eins og áður segir rennur núgildandi kjarasamningur út 31. mars næstkomandi og ljóst að starfsmatið verður stærsta málið á dagskrá félagsins í komandi viðræðum við sveitarfélögin.

Almenni vinnumarkaðurinn

Þann 23. október 2017 var undirritaður nýr ótímabundinn kjarasamningur milli Samtaka atvinnulífsins og 14 aðildarféлага BHM. Samningurinn byggir á fyrri kjarasamningi aðila, frá árinu 2011. Félagið hefur fylgst með viðræðum SA við önnur stéttarfélög en á síðasta starfsári kom ekkert upp í samningum SA við önnur félög sem víkur frá okkar samningi og sem gæti kallað á upptöku samningsins. Stjórn félagsins mun þó áfram fylgjast með því sem fram fer til að verja hagsmuni sinna félagsmanna.

Í kjarasamningum við SA er ekki samið um laun á sama hátt og gert er við ríki og sveitarfélög. Samningurinn við almenna markaðinn er réttindasamningur þar sem samið er um réttindi og skyldur starfsmanna en þeir semja sjálfir beint við sinn vinnuveitanda um laun. Taka skal fram

að starfsmenn þjónustuskrifstofunnar aðstoða félagsmenn sem starfa á almennum markaði við gerð persónubundinna ráðningasamninga ef þess er óskað.

Reykjavíkurborg

Félag íslenskra félagsvísindamanna hefur ekki gert kjarasamning við Reykjavíkurborg. Á undanförunum árum hefur félagið óskað eftir því við borgina að viðræður verði teknar upp en borgin hefur ekki sýnt því áhuga. Stjórnin og starfsfólk félagsins íhuga hvert sé eðlilegt næsta skref en félagið hefur áfram áhuga á að taka upp samningaviðræður við borgina. Á þessu ári eru ákveðin tækifæri sem hægt er að nýta því samningar borgarinnar við samstarfsfélögin innan BHM eru lausir.

Húsnæðismál BHM

Húsnæðismál voru fyrirferðarmikil á árinu 2018 því Húsfélag BHM keypti 4. hæð Borgartúns 6. Þau kaup höfðu í för með sér tækifæri fyrir FÍF til að kaupa sig inn í húsfélagið sem það nýtti sér. FÍF á nú 1,08% hlut í Húsfélagi BHM. Þó svo þessi hlutur sé ekki stór er húsnæði þjónustuskrifstofunnar nú að hluta í eigu félagsins sem hefur af því leigutekjur. Til lengri tíma litið ætti fjárfestingin að hafa jákvæð áhrif á fjárhag félagsins.

Formaður félagsins á nú sæti í húsfélagi BHM en stjórnin hefur þurft að vinna hratt og vel til að koma fundarsölum á 4. hæð í notkun sem fyrst. Nú þegar því er lokið á að gera upp eldhús inn af salnum svo öll aðstaða verði til fyrirmyndar. Einnig á að breyta rými á 3. hæð þar sem áður voru fundarsalir og eldhús og nýta í skrifstofurými.

Lokaorð

Á liðnu ári er tvennt sem stendur upp úr. Annars vegar innleiðing starfsmatsins hjá sveitarfélögunum og hins vegar gerð stofnanasamninga. Bæði þessi verkefni eru unnin í nánu samstarfi starfsfólks félagsins og félagsmanna þess, í umboði stjórnar félagsins. Þetta hefur verið mikil vinna og oft á tíðum erfið. Liðið ár hefur því verið viðburðaríkt.

Komandi ár verður ekki síður viðburðaríkt. Kjarasamningar við bæði ríki og sveitarfélög eru lausir og mikil vinna fram undan við hagsmunagæslu félagsmanna, auk þess sem leitast verður við að bæta kjör og tryggja aukin réttindi þeirra á vinnumarkaði. Lykilatriði í samningaviðræðum er að vera vel undirbúin. Vinnan er þegar hafin og viss eftirvænting í loftinu.

Meginmarkmið félagsins er að efla samtakamátt félagsvísindamenntaðs fólks og standa vörð um réttindi þeirra á vinnumarkaði. Langflestir félagsmanna FÍF eru hefðbundnir launþegar en í takt við breytingar á vinnumarkaði er vaxandi fjöldi félagsvísindamenntaðra sjálfstætt starfandi og auka þarf þjónustu við þann hóp til samræmis. Ein af áskorunum félagsins er að greina þarfir og hagsmuni þessa sístækkandi hóps svo tryggja megi réttindi hans og hagsæld á vinnumarkaði.

Fyrir hönd stjórnar,

Hugrún R. Hjaltadóttir,
Formaður FÍF